

Ed.

443. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 30. des. 1939, um skatt- og útsvarsgreiðslu af stríðsáhættuþóknun.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Áhættuþóknanir þær, er um ræðir í 1. gr., skulu vera undanþegnar tekjuskatti og útsvari, svo sem hér greinir:

Við ákvörðun skatts og útsvars hjá hverjum einstökum gjaldanda, sem hlut á að máli, skal — áður en tekjuskattur og útsvar er reiknað — áhættuþóknun dregin frá skattskyldum eða útsvarsskyldum tekjum hans samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Hjá þeim, sem hafa samanlagt í tekjur og áhættuþóknun 8000 — átta þúsund — krónur eða minna, skal öll áhættuþóknunin dregin frá.
2. Hjá þeim, sem hafa samanlagt í tekjur og áhættuþóknun yfir 8000 — átta þúsund — krónur, skal draga frá 75% af umræddri áhættuþóknun.

Hið sama gildir um ákvörðun lifeyrissjóðsgjalds samkvæmt lögum um alþýðu-tryggingar, nr. 74 31. des. 1937, 49. gr. 2.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.